

Eyjafjarðarsveit
Vigfús Björnsson
Skólatröð 9
605 Akureyri

Reykjavík 15. desember 2020
UST202012-045/A.B.
10.04.00

Efni: Lýsing – Breyting á aðalskipulagi Eyjafjarðarsveitar 2018 - 2030 og nýtt deiliskipulag - Ytri-Varðgjá

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Eyjafjarðarsveitar er barst 4. desember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu að breytingartillögu á aðalskipulagi Eyjafjarðarsveitar 2018 - 2030 og nýju deiliskipulagi fyrir Ytri-Varðgjá.

Í greinargerð kemur fram að breytingin gengur út á að skilgreina verslunar- og þjónustusvæði í landi Ytri-Varðgjár sem er um 2,0 ha. að stærð. Við það fellur opið svæði OP5 út úr aðalskipulagi en svæðið er 0,7 ha. að stærð og íbúðarsvæði ÍB22 minnkar einnig úr 1,9 ha. í 1,6 ha. Auk þess minnkar skógræktar- og landgræðslusvæði um 1,0 ha.

Einnig kemur fram í greinargerð að áformað er að byggja baðstað með tilheyrandi þjónustu og gert er ráð fyrir að heitt vatn verði leitt að staðnum með lögnum frá Vaðlaheiðargöngum. Auk þess kemur fram að lögð verður áhersla á að mannvirki falli sem best að landslagi og raski á skógi verði haldið í lágmarki.

Sérstök vernd náttúruverndarlaga

Í greinargerð kemur fram að á svæðinu er gert ráð fyrir landfyllingu um 10 -20 m til vesturs út í lónið. Umhverfisstofnun bendir á að lónið fellur undir a. lið 1. mgr. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. sama ákvæðis. Samkvæmt 3. mgr. ákvæðisins ber að forðast röskun þeirra náttúruvirkja, sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýn nauðsyn“ lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Umhverfisstofnun leggur áherslu á að fjallað sé um votlendið í tillögunni og það komi fram hvaða leiðir verði farnar til þess að forðast rask votlendisins sbr. 61. gr. náttúruverndarlaga og hvaða valkostir séu skoðaðir. Umhverfisstofnun bendir á að ef tillagan gerir ráð fyrir röskun á votlendi þurfi að koma fram hvaða brýnu almannahagsmunir réttlæti röskunina, rökstyðja þá ákvörðun og gera grein fyrir öðrum

kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu.

Skógur

Í greinargerð lýsingar kemur fram að raski á skógi verði haldið í lágmarki. Umhverfisstofnun vill vekja athygli á að markmið laga nr. 33/2019 um skóga og skógrækt er að vernda náttúruskóga landsins og stuðla að aukinni útbreiðslu þeirra. Náttúruskógur er skilgreindur skv. lögnum þar sem land, a.m.k. 0,5 ha. að flatarmáli, þar sem sjálfsáanar, innlendar trjátegundir, þ.e. ilmbjörk, reyniviður, blæösp, gulvíðir eða loðvíðir, eru ríkjandi og ná a.m.k. tveggja metra hæð fullvaxnar og a.m.k. 10% krónuþekju.

Umhverfisstofnun bendir á að Skógræktin hefur það hlutverk að skilgreina og kortleggja náttúrulega birkiskóga sem falla undir 61. gr. náttúruverndarlaga.

Bakkagróður

Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt 62. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd segir að við framkvæmdir í eða við vötn skal leitast við að viðhalda náttúrulegum bakkagróðri við ár og stöðuvötn og haga mannvirkjum og framkvæmdum þannig að sem minnst röskun verði á bökkum og næsta umhverfi vatnsins. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að það komi fram í tillögunni hvernig tillagan uppfylli ákvæði laganna.

Fráveita

Í greinargerð kemur fram að fráveita miðist við tveggja þrepa hreinsun að lágmarki. Umhverfisstofnun bendir á að öll fráveita skal vera skv. reglugerð nr. 798/1999 um fráveitu og skólp.

Fuglalíf

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að fjallað sé um áhrif tillögunnar á fuglalíf.

Lagnir

Í greinargerð kemur fram að gert er ráð fyrir að heitt vatn verði leitt að staðnum með lögn frá Vaðlaheiðargöngum. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að fjallað verði um umhverfisáhrif lagnarinnar í tillögunni.


Baðstaðir í náttúrunni

Umhverfisstofnun vill vekja athygli á að ef um náttúruböð er á ræða ætti tillagan að taka tillit til reglugerðar nr. 460/2015 um baðstaði í náttúrunni, en markmið reglugerðarinnar er að stuðla að öryggi notenda og bættum hollustuháttum á baðstöðum í náttúrunni.



Axel Benediktsson
sérfræðingur

Virðingarfyllst



Björn Stefánsson
sérfræðingur